

*Frv. til laga um varnir gegn fisksjúkdómum.  
Þskj 880 – 596. mál, Alþingi 2005 – 2006.*

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 132/1987**  
**komudagur 2.5.2006**

1. gr. Markmið hljóði svo:

*Markmið laga þessara er verndun lífríkis vatna og vatnafiska gegn sjúkdómum og snikjudýrum.*

Í lögunum eru ákvæði um innflutning á búnaði sem hefur verið í notkun við fiskeldi erlendis, sbr. 8. gr. Í ljósi þessa hlýtur gildissvið laganna að þurfa að vera víðtækara en lagt er til í 2. gr. frumvarpsins. Gildissvið mætti vera eitthvað á þessa leið:

*Lög þessi taka til vatnafisks og innflutnings fisks, hrogna og notaðs búnaðar inn á íslenskt forráðasvæði. Við framkvæmd laganna skal gætt samræmis við framkvæmd laga um lax- og silungsveiði, laga um fiskrækt, laga um eldi vatnafiska og laga um eldi nytjastofna sjávar.*